



Rekstraraðili innkaupa

Ríkiskaup
Sigrún Svava Valdimarsdóttir

Innkaup

Örútbóð - RS raforka sveitafélög
21075

14.1 Tilkynning um töku tilboðs - Hluti Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur

Verkefni: 21075 Örútbóð - RS raforka sveitafélög

Ágæti viðtakandi

Það tilkynnist hér með að tilboð Orku náttúrunnar kt. 5212130190 í hluta **Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur** hefur verið endanlega samþykkt og er því kominn á bindandi samningur milli aðila.

Þjóðendum var tilkynnt með tölvupósti þann 20. mars sl. að ákveðið hefði verið að velja tilboð skv. ofangreindu og ennfremur að a.m.k. tíu dagar skuli líða frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu Alþingis:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kæruheimildina: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/opinber-innkaup/kaerunefnd-utbodsmala/>

Ríkiskaup þakka fyrir þátttökuna.